

57. fundur skólanefndar 20. júní, 2008

Fundinn sátu: Sigurður Ingi Jóhannsson, Gunnar Þorgeirsson, Edda Antonsdóttir, Margeir Ingólfsson, Margrét Einarsdóttir, Áslaug Harðardóttir (varamaður Hilmaris Jóns Bragasonar), Rakel Pálmadóttir, Halldór Páll Halldórsson og Páll M. Skúlason

Dagskrá:

1. Aðsókn og nemendatölur
2. Umsóknir og auglýstar stöður
3. Önnur mál

Formaður setti fund.

1. Aðsókn og nemendatölur

Páll dreifði upplýsingum um áætlaðan nemenda fjölda á komandi vetri og fjölda nýnema (fskj 1). Fram kom að umsóknir á 1. ár eru óvenjumargar þessu sinni (62). Samþykktar voru 52 umsóknir nýnema, 9 á málabraut, 18 á félagsfræðabraut og 25 á náttúrufræðabraut. Hluttur Sunnlendinga í hópi nýnema er 78%, sem er svipað og hlutfall nemenda á síðasta skólaári.

Þeir sem tóku til máls lýstu ánægu með þá þróun sem þarna virðist koma fram.

2. Auglýstar stöður og umsóknir

Skólameistari hafði framsögu um þennan lið og rakti helstu ástæður þess að nokkrir kennarar hættu störfum við skólann á þessu vori og þakkaði hann þeim vel unnin störf. Þá gerði hann grein fyrir auglýsingum um þær stöður sem losnuðu vegna þessa og dreifði hann upplýsingum um umsækjendur (fskj. 2)

3 sóttu um stöðu dönskukennara (um 64% staða). Skólameistari leggur til að Helgi Helgason verði ráðinn.

7 sóttu um stöðu kennara í félagsfræði og lífsleikni (heil staða). Skólameistari leggur til að Örlygur Axelsson verði ráðinn.

2 sóttu um stöðu íslenskukennara (ein og hálf staða). Skólameistari leggur til að Atli Rafn Kristinsson verði ráðinn. Þá er óleyst hálf staða íslenskukennara.

7 sóttu um stöðu kennara í sögu (heil staða). Skólameistari leggur til að Valgarður Reynisson verði ráðinn.

Tillögur skólameistara voru staðfestar.

3. Önnur mál

a. Ögmundur Eiríksson

hefur verið valinn í Ólympíuliðið í stærðfræði öðru sinni. Skólameistari lagði til að skólinn styrki Ögmund með sama hætti og á síðasta ári. Það var samþykkt.

b. Verðskrá.

Skólameistari lagði til 10% hækkun á verðskrá vegna heimavistar- og þjónustugjalda og var það samþykkt.

c. Héraðsskólahúsið.

Skólameistari fjallaði um hvert stefnir með málefni hússins, og hvernig það kemur við menntaskólann.

d. Gunnar spurðist fyrir um fyrirhugað málþing sem fjallað var um á síðasta fundi. Skm. greindi stuttlega frá því hvað er í bígerð.

e. Í lok fundar var gengið um skólahúsið og skoðaðar þær framkvæmdir sem nú standa yfir.

Fundi slitið kl. 11.25

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason